




GRÆNFÁNAFRÉTTIR

OFT VELTIR LÍTL ÞÚFA
ÞUNGUHLASSI

JANÚAR 2020

5.-7. BEKKUR



ÁRSKÓGAR

SKÓLI



GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 5. bekkjar

Grænt, grænt, grænt er grasið út í haga. Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Janúar 2020

Hvað er Grænfáni?

Það er fáni skóla á Íslandi sem hugsa mikið um umhverfið.

Loftlagsbreytingar: Hlýnun jarðar og loftslagsbreytingar er farið að hafa áhrif á veður um allan heim. Það sést til dæmis á bráðnun á jöklum.



Hér er Greta Thunberg. Hún sleppir skóla til að mótmæla loftlagsbreytingum. Það sem stendur á skiltinu skólaverkfall fyrir umhverfið.

Vissir þú...

Að kýr menga meira en bílar.

Höfundur: Eyvör Elva Einarsdóttir.



Málsháttur: Batnandi manni er best að lifa.

Góð ráð: Að mótmæla, láta fólk vita að við erum að eyðileggja jörðina, flokka rusl, eyða minna, nýta meira, vera góð við jörðina, hjálpa dýrum og fátækum.

Fréttamolar:



Greta Thunberg er hér í allt öðru landi að mótmæla uppi á sviði fyrir framan allan heiminn.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 5. bekkjar

Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Janúar 2020

Hvað er grænfáni? Verkefni sem Árskógarsskóli tekur þátt í. Við lærum mikið um umhverfið.



Loftlagsbreytingar:



Hér er mynd af mengun frá bílum.
Svifrykismengun. Loftmengun. Þetta hefur áhrif á fólk, dýr og fugla og umhverfið.

Vissir þú... að mesta frost sem mælt hefur á Íslandi er 38 stig?

Höfundur: Jón Tryggvi Þorsteinsson.

Málsháttur: Allt tekur enda um síðir.

Góð ráð:

Ekki henda rusli.

Ekki henda dósum.

Ekki henda plasti.

Ekki höggva niður tré að ástæðulausu.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 5. bekkjar

Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Janúar 2020

Hvað er Grænfáni?

Verkefni sem Árskógaraskóli tekur þátt í. Við lærum um umhverfið.

Loftlagsbreytingar:



Loftmengun frá verksmiðju í útlöndum. Það hefur ekki góð áhrif á umhverfið. Dýrin deyja og loftið sem við öndum að okkur er vont.

Vissir þú... Að í raftækjum eru efni sem eru skaðleg umhverfinu ef þeim er ekki hent á réttan hátt.

Höfundur: Ólafur Örn Ólafsson



Málsháttur: Hver er sinnar gæfu smiður.

Góð ráð:

Ganga vel um umhverfið.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 6. bekkjar

Grænar og vænar fréttir! Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Janúar 2020

Hvað er grænfáni?

Grænfáni er fáni sem skólar fá fyrir að vera dugleg að hugsa um umhverfið.

Loftlagsbreytingar: Loftlagsbreytingar verða til þegar mannfólk hleypir óhreinu lofti út í andrúmsloftið t.d. þegar maður fer til útlanda með flugvél, keyrum bíla sem ganga fyrir bensíni eða olíu og kýr menga líka þegar þær prumpa. Og þetta efni kallast CO_2 . Svo menga verksmiðjur líka. Og þegar það kemur skógareldur verður mikill reykur sem óhreinakar loftið.



Vissir þú... að í Kína er svo mikil mengun að allt fólkið þar þarf að ganga með svona grímur fyrir munnum til að verða ekki veik.

Höfundur: Ísadóla Ólafsdóttir.



Málsháttur: Margt smátt gerir eitt stórt

Góð ráð:

Nota hjól eða labba í staðin fyrir bíla. Ekki fara oft til útlanda. Nota fjölnota poka í staðinn fyrir plastpoka. Ef maður sér rusl ef maður er í göngutúr eða eitthvað að þá taka það og henda því í ruslið. Og flokka rusl. Hugsa þarf ég að kaupa þetta þarf ég að fara til útlanda þarf ég að... o.s.f

Fréttamolar:


Í Ástralíu voru skógareldar og þar hafa dáið mörg dýr.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 6. bekkjar

Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Hvað er grænfáni?



Janúar 2020



Loflagsbreytingar:

Losun gróðurhúsalofttegunda veldur loftslagsbreytingum.



Loflagsbreytingar eru ekki góðar fyrir náttúruna.

Hér er verksmiðja sem mengar og hún er ekki góð fyrir náttúruna. Jöklar bráðna, loftið hitnar, dýr deyja.

Vissir þú...að það er til bíll sem notar sólarorku til að keyra í staðinn fyrir bensín.

Málsháttur: Ekki er allt gull sem glóir.

Góð ráð:

- Ekki henda rusli á jörðina.
- Taka upp rusl sem þú sérð á jörðinni.
- Flokka rusl.
- Endurnýta plast.
- Ekki henda mat.
- Labba eða hjóla meira og nota minna bíla og flugvélar.
- Rækta plöntur og tré

Höfundur: Gabríel Þór Andræsson.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttarbréf 6. bekkjar

Hér ætlar ég að fjalla um umhverfið. Þetta er rétta tækifærið til að sötra tíu dropa...

Hvað er Grænfáni? Árskógaraskóli er búin að vera grænfánaskóli frá því að ég byrjaði í skólanum. Við flokkum rusl og týnum rusl, við endurnýtum og endurvinnum. Ef okkur gengur vel að hugsa um umhverfið þá fáum við að flagga grænfánanum.

Loftlagsbreytingar:

Það verður heitara á jörðinni en hér á Íslandi verður kaldara og allskonar auka hlutir fylgja, t.d. eins og flóðbylgjur, hvirfilbylir, snjóflóð, aurskriður!



Þetta skemmtiferða skip er að brenna svartolíu. Svartolía er ekki góð fyrir umhverfið.

Vissir þú...með því að ganga til og frá vinnu dregur þú úr mengun.

Höfundur: Eybór Þorvaldsson.

Janúar 2020



Málsháttur: endurnýta, endurvinna eyðaminna (Ævar Vísindamaður og E-in þrjú)

Góð ráð:

Passa kolefnissporið sitt og flokka ruslið! **EKKI VERA GRÁÐUG!**

Fréttamolar:

Hér á Norðurlandi var vont veður í desember og rafmagsstaurar brotnuðu bátar eyðilögðust. Það var líka tjón á húsum. Þetta var held ég tengt loftlagsbreytingum.



Varðskipið Þór kom til Dalvíkur til að veita rafmagn.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 7. bekkjar

Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Janúar 2020

Hvað er grænfáni? Grænfáni er samfélag sem flestir skólar á Íslandi taka þátt í. Í því verkefni er: flokkað rusl, sparað vatn, fjallað um Grænfánan og hugsað vel um umhverfið.

Loftlagsbreytingar:

Loftlagsbreytingar verða til þegar við: hleypum óhreinu lofti í umhverfið. Hitinn er líka farinn að hækka, jöklar bráðna, sjávarborð hækkar, vatn gufar upp og veldur miklum rigningum. En sumstaðar eru bara þurrkar.

Dýrum fer fækkandi og mörg dýr eru í útrýmingar hættu. Margt fólk hefur þurft að flýja heimilin sín vegna vatns og matar skortar. Plöntur hverfa og við þurfum plöntur til að lifa.

Aukningin er af mannavöldum og stafar einkum af bruna af kolum og olíu, minni bindingu koltvísýrings vegan gróðureyðingar og losun metans í landbúnaði.

Við verðum að fara gera eitthvað því það er að verða komið gat á lofthjúpin okkar.

Vissir þú... Að ef þú myndir fara til Tenerife tvisvar á einu ári, (fram og til baka) Það er jafn mikið og einn meðal fólksbíll losar á einu ári.

Höfundur: Bríet Una Guðmundsdóttir.



Málsháttur: Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.

Góð ráð:

- Þegar fötin okkar eru orðin of lítil, fara þá með þau í Rauða Krossinn eða gefa.
- Þegar þú ferð í göngutúr að taka poka með og týna rusl í leiðinni.
- Þarf ég að fara til útlanda.

Fréttamoli:

Veist þú hvað "flugviskubit" þýðir?

Fólk fær flugviskubit þegar það flýgur með flugvél, því það er að losa út mikið af koltvísýring.

GRÆNFÁNAFRÉTTIR ÁRSKÓGARSKÓLA

Fréttabréf 7. bekkjar

Hér ætla ég að fjalla um umhverfið.

Janúar 2020

Hvað er Grænfáni? Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni sem kennir börnum um náttúruna. Ef skólinn nær markmiðum grænfánans fá þau að flagga honum.

Loftlagsbreytingar:

Af hverju eru loftlagsbreytingar?

Loftlagsbreytingar verða þegar að við mannfólkið sleppum mikilli mengum út í andrúmsloftið. Við mengun mikið þegar við búum til orku. Sumstaðar er orkan gerð með því að brenna kol og þegar kol er brennt verður til loft sem er með mengandi efnum.

Hvað eru afleiðingarnar?

Hitastig á jörðinni hækkar og veðrið breytist. Þá munu jöklar bráðna og yfirborð sjávar hækkar. Dýr verða í líka útrýmingarhættu.

Vissir þú... Að ein flugferð fram og til baka til Danmerkur losar um 370 kg. af CO_2 á farþega. Það er svipað mikið og ef bíll er keyrður 2600 km.

Höfundur: Magnea Ósk Bjarnadóttir



Málsháttur: Margt smátt gerir eitt stórt

Góð ráð:

Það er gott fyrir jörðina ef í staðinn fyrir að koma alltaf á einkabíl að fara t.d. með strætó eða ef hægt er fótgangandi eða á hjóli. Líka að fara ekki oft í flugvél.

Fréttamolar

Lokalagið í áramótaskaupinu 2019 fjallaði um Tweet sem Hannes Hólmsteinn skrifaði um Greta Thunberg og spyr þar „Hvað hafa komandi kynslóðir gert fyrir okkur? Ekkert. Hvað höfum við gert fyrir komandi kynslóðir? Allt.“

Hér er linkur á lagið. Góða skemmtun:

<https://www.youtube.com/watch?v=6sNW9ssY7y8>



Takk fyrir að lesa.

Reynum svo að hjálpa náttúrunni saman.